

Ályktanir landsfundar Uvg 2014

Harmleikurinn Framsókn og flugvallarvinir

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, harmar Framsókn og flugvallarvini sem og þá ömurlegu afsökun fyrir kosningabaráttu sem framboðið háði. Það er ekki forsvaranlegt að framboð geri sér að leik að daðra við íslamófóbíu á atkvæðaveiðum, ekki síst fyrir þær sakir að slík hegðun réttlætir fordómafulla orðræðu á opinberum vettvangi í skjóli tjáningarfrelsis. Ung vinstri græn gefa lítið fyrir yfirklor og eftiráskýringar borgarfulltrúa framboðsins um að aðeins hafi verið um skipulagsmál að ræða enda lét oddviti framboðsins að því liggja að afstaða framboðsins ætti ekki við um Þjóðkirkjuna og talaði beinlínis um að bænahús væru „annars eðlis“.

Frelsi fylgir ábyrgð. Ábyrgð Framsóknar og flugvallarvina er mikil og þessi ömurlegu viðhorf skyggja á þann árangur sem náðst hefur í trúfrelsisbaráttunni á liðnum árum, t.a.m. að lífsskoðunarfélög hafi nú jafnan rétt á við trúfélög, að sjálfkrafa skráning barns í trúfélag móður hafi verið afnumin og að Félag múslima á Íslandi hafi loksins fengið ásættanlega lóð undir mosku í Reykjavík.

Ung vinstri græn áréttu stuðning sinn við byggingu mosku í Reykjavík enda er þar um mikið réttlætismál að ræða. Landsfundur tekur hins vegar undir það að til framtíðar sé rétt að afnema úthlutun lóða undir trúfélög og gildir það um öll trúfélög.

Af stöðu minnihlutahópa

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, telur að mannréttindabaráttu minnihlutahópa á Íslandi eigi enn mjög langt í land. Enn þurfa minnihlutahópar í samfélaginu að sæta langdreginni opinberri hatursorðræðu, m.a. í fjölmiðlum.

Slíkar umræður bera því ljóslega vitni að enn leynast gríðarlegir fordómar gagnvart minnihlutahópum í samfélaginu. Hatursorðræða takmarkar frelsi þeirra, sem fyrir henni verða, til að lifa eðlilegu lífi. Ísland er heimili fólks af fjölbreyttum þjóðernum. Stofnanabundið kynþáttahatur á Íslandi og ríkjandi stjórnmalastefnur í málefnum innflytjenda eru gífurlegt áhyggjuefni og telja Ung vinstri græn að þörf sé á víðtækri hugarfarsbyltingu.

Íslenskt samfélag verður að líta í eigin barm og gera sér grein fyrir forréttindastöðu sinni í alþjóðlegu samhengi. Landsfundur telur að Ísland eigi að geta verið í fararbroddi í mannréttindamálum á heimsvísu en til þess að það geti orðið, verða umræða og upplýsing að eiga sér stað í samfélaginu um ólíka samfélagshópa, trúarbrögð og menningu í heiminum.

Konur til forystu!

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, harmar yfirstandandi bakslag í kvenfrelsisbaráttunni sem endurspeglast í kynjaskiptingu kjörinna fulltrúa. Það er til háborinnar skammar að árið 2014 sé rétt rúmlega þriðjungur

ráðherra, þingmanna og oddvita í sveitarstjórnarkosningum konur. Ung vinstri græn hvetja þing og þjóð til að fara í gagngera naflaskoðun með kynjagleraugin á nefinu og kjósa fleiri konur til forystu.

HLUSTUM Á ÖGMUND

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, mótmælir harkalega þeirri yfirlýstu stefnu ríkisstjórnarinnar að auka þátttöku og fjárframlög Íslands til hernaðarbandalagsins NATÓ. NATÓ hefur áratugum saman staðið fyrir óforskammaðri hernaðarhyggju og stríðsbrótti gegn þjóðum heims í nafni lýðræðis og mannúðar. Er það landi, sem á hátíðisdögum kennir sig við frið og mannréttindi, til mikillar minnkunar að auka fjárútlát til hernaðarmála á sama tíma og reitt er til höggs með niðurskurðarhnífinn og skattahækkanir á nauðsynjavöru að vopni.

Ung vinstri græn skora á þingmenn allra flokka að hjálpa til í baráttunni fyrir herlausu Íslandi og styðja tillögu Ögmundar Jónassonar, þingmanns Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, á nýhöfnu þingi um þjóðaratkvæðagreiðslu um úrsögn landsins úr NATÓ.

Bregðumst við ástandinu í Palestínu

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, ítrekar kröfu sína um frjálsa Palestínu. Það, að níðst hafi verið á þjóð í gegnum söguna, réttlætir ekki að sú þjóð kúgi sína minnstu bræður. Blóðbaðið fyrir botni Miðjarðarhafs hefur staðið yfir svo lengi sem elstu menn muna og eftir nýjustu aðgerðir Ísraelskers liggja þúsundir Palestínubúa í valnum. Ísrael hefur það á stefnuskrá sinni að sprengja palestínsku þjóðina aftur til miðalda og hafa jafnvel komið fram yfirlýsingar frá stjórnarþingmönnum í Ísrael að útrýma ætti palestínskum börnum til að koma í veg fyrir fólksfjölgun Palestínubúa.

Hafi áður leikið einhver vafi á að um aðskilnaðarstefnu og þjóðarmorð sé að ræða ætti öllum að vera ljóst nú að svo er. Ung vinstri græn hvetja íslensk yfirvöld til að bregðast við þjóðarmorðinu af festu og slíta stjórnmalasambandi við Ísrael, setja viðskiptabann á ríkið og láta reyna á stríðsglæpakæru fyrir alþjóðlegum dómstólum.

Friður og lýðræði eru ávallt svarið

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, lýsir yfir djúpstæðum áhyggjum sínum af átakasvæðum í heiminum. Vopnuð átök bitna undantekningalaust verst á saklausri alþýðu þeirra svæða sem þau geysa á en ekki stríðsherrunum sem til þeirra stofna. Ung vinstri græn minna á að í stríði eru engir góðir karlar og að enginn hefur rétt fyrir sér í blóðsúthellingum og mannréttindabrotum. Því mótmæla Ung vinstri græn loftárásum Bandaríkjanna á IS í Mið-Austurlöndum. Uppgang IS má beinlínis rekja til afskipta Vesturvelda á svæðinu og sér í lagi Íraksstríðsins og telja Ung vinstri græn að löngu sé kominn tími til að Atlantshafsbandalagsríkin geri sér grein fyrir því að íhlutunarstefna þeirra kveikir fleiri elda en hún slekkur.

Það er sömuleiðis gífurlega mikilvægt fyrir heimsfriðinn að víðtæk sátt skapist um framtíð Krímskaga en hún mun aldrei nást fram með styrjöld. Stríðsherrar heimsins, sama hverra þjóða þeir eru, verða að lúta lýðræðislegum vilja íbúa áttakavæða en að sama skapi er alls óboðlegt að lýðræðinu sé handstýrt með hervaldi. Því skora Ung vinstri græn á íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að fasistastjórnir bæði Úkraínu og Rússlands dragi hersveitir sínar til baka og leyfi íbúum Krímskaga að ákvarða framtíð sína sjálfum en gæta þess að draga hvorki taum stjórnvalda í Moskvu né Kænugarði. Friður og lýðræði eru ávallt svarið.

Náttúran skal njóta vafans

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, leggst eindregið gegn aðför ríkisstjórnarinnar að íslenski náttúru.

Áætlun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra um að færa Hvammsvirkjun í Þjórsá aftur í nýtingarflokk úr biðflokki á grundvelli ellefu ára gamals umhverfismats einungis ári eftir að ákveðið var að fresta henni, byggir á afar hæpnum forsendum gegndarlausrar nýtingarhyggju stjórnarflokkanna. Þetta sást best í því að ráðherra sá sér ekki annað fært en að vísa tillögu þar um til atvinnuveganefndar, í stað umhverfis- og samgöngunefndar, sem hefur haft málið á sinni könnu hingað til - eftir að hafa þar áður gefið verkefnisstjórn allt of lítinn tíma til að skoða málið gaumgæfilega. Virkjun getur haft í för með sér neikvæð áhrif á laxastofna og annað lífríki, á ferða- og veiðimennsku, nálæg búsvæði, vatnsgæði og landslag, sem og hættu á jarðhræringum. Ekki er tekið tillit til athugasemda um sjálfbæra þróun og langtímaáhrif, og þær raunar ekki einu sinni teknar til umfjöllunar fyrr en í þingsal.

Sömuleiðis, ef þráhyggja stjórnarflokkanna fyrir Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum nær fram að ganga, munu náttúruperlur eins og Dynkur, Kjálkaversfoss og Gljúfurleitarfoss verða að engu. Fagleg niðurstaða Rammaáætlunar var að Norðlingaölduveita væri ekki skynsamlegur nýtingarkostur. Náttúrunni á að fórnar á altari hugmynda- og úrræðaleysis ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum og sáttin um Rammaáætlun er rofin. Umhverfisráðherra sem fórnar slíkum náttúruverðmætum fyrir hagsmuni stóriðju, sér í lagi með tilliti til þess að búið er að virkja mun meiri raforku á Íslandi en til þarf, er ekki sætt á stóli.

Ung vinstri græn krefjast þess að Þjórsá og Þjórsárver verði vernduð og að gildistöku nýrra Náttúruverndarlaga verði ekki slegið lengur á frest. Engin sátt um arðrán - náttúran skal njóta vafans!

Umhverfisráðherra óskast

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, telur að frestun gildistöku Náttúruverndarlaganna, sem hefði orðið að afturköllun ef ráðherra hefði fengið sínu framgengt, sýni að þar fari maður sem er óvinur náttúrunnar.

Þegar stjórnvöld stöðva lög sem fela í sér aukinn almannarétt, innleiðingu varúðarreglna og nýjan flokk friðlýstra svæða er ljóst að enginn umhverfisráðherra er í sitjandi ríkisstjórn. Þá sýndi tilraun ráðherra til þess að fella úr gildi lög sem Alþingi hafði samþykkt án þinglegrar meðferðar algjört tillitsleysi gagnvart aðskilnaði löggjafar- og framkvæmdavaldsins, og slík viðleitni af hálfu ráðherra vegur gróflega gegn þingræðinu. Greinilegt er að enginn

umhverfisráðherra er í ríkisstjórn, aðeins sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem þráði lengri starfstítil.

Flokksráð Vg skammist sín

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, lýsir yfir sárum vonbrigðum sínum með þá málsmeðferð sem ályktun stjórnar Ungra vinstri grænna um olíuvinnslu hlaut á flokksráðsfundi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í ársbyrjun. Það er hreyfingu sem kennir sig við umhverfisvernd til minnkunar að geta ekki tekið einarða afstöðu gegn jafnaugljósri umhverfisvá og olíuvinnslu. Ung vinstri græn skora á Vinstrihreyfinguna – grænt framboð að standa í lappirnar og leggjast af fullum krafti gegn slíkum áformum að málsmeðferðinni lokinni.

Grænavík

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, fagnar nýjum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Treystir fundurinn því að nýr meirihluti muni standa við fyrirheitin um umhverfisvernd og starfa á grundvelli þess.

Umhverfismál einskorðast ekki við landsbyggðina. Grænt og sjálfbært borgarlíf er nauðsynlegt til að tryggja velmegun til framtíðar. Þannig er nauðsynlegt að þetta byggð á höfuðborgarsvæðinu inn á við frekar en að byggja fleiri úthverfi utan við núverandi byggðamörk. Því lýsa Ung vinstri græn yfir ánægju sinni með að nýkjörinn meirihluti í Reykjavík hafi ekki tekið Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 upp til endurskoðunar.

Ung vinstri græn leggja sérlega ríka áherslu á að nýkjörinn meirihluti í Reykjavík standi við yfirlýsingar um þéttingu byggðar, bætta almennings- og hjólasamgöngur og umbætur í endurvinnslu- og plastnotkunarmálum.

Á sama tíma skorar landsfundur á aðra sveitarstjórnarfulltrúa hreyfingarinnar á höfuðborgarsvæðinu sem sitja í meirihluta að taka sér nýjan meirihluta í Reykjavík til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfis- og skipulagsmálum.

Eigum við að borða sjónvörp?

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, mótmælir harkalega endurteknum atögum ríkisstjórnarinnar að grunnstoðum samfélagsins.

Ríkisstjórn sem leggur niður auðlegðarskattinn og lækkar gjöld á útgerðarfyrirtæki, ferðaþjónustu, vörugjöld sem og efra þrep virðisaukaskattsins en mætir tekjutapinu með gjaldskrárhækkunum, aðhaldi í velferðar- og almannaðjónustu og hækkun virðisaukaskatts á nauðsynjavöru er ríkisstjórn sem starfar í þágu atvinnurekenda og auðmanna en ekki alþýðufólks. Taka Ung vinstri græn undir orð forsætisráðherra frá því fyrir þremur árum þegar hann ritaði: „Að hækka virðisaukaskatt á matvæli í þeirri stöðu sem nú ríkir er hrein aðför að láglaunafólki. Þetta er rangt og þetta verður að stöðva“.

Landsfundur telur ennfremur ljóst að nýta eigi bága stöðu ríkissjóðs til að svala þörfinni fyrir og réttlæta einkavæðingarblæti frjálshyggjusinna. Þriðjungssala í Landsbankanum verður einungis upphafið að því ferli. Á sama tíma skortir enn nægileg fjárframlög til heilbrigðiskerfisins sem er fyrir löngu komið að þolmörkum. Þar bera allir stjórnmalaflokkar landsins sem komið hafa að stjórnun þess undanfarna áratugi mikla ábyrgð. Þó taka svör ríkisstjórnarinnar við stöðunni út yfir allan þjófabálk. Með því að taka sér stöðu gegn velferðarsamfélaginu og draga enn fremur úr samneyslunni tekur ríkisstjórnin sér stöðu gegn hinum tekjulágu með auðvaldinu.

Ung vinstri græn leggja eindregið gegn þeirri dólgafrjálshyggju sem birtist í fjárlögum ríkisstjórnarinnar og hvetur þingflokk Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs til að standa vörð um velferðina á næstu mánuðum.

Látið verkfallsréttinn í friði!

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, mótmælir harkalega síendurteknum árásum ríkisstjórnarinnar á verkfallsréttinn. Verkföll eru öflugasta og í raun eina baráttutæki verkamanna gegn atvinnurekendum í borgaralegu, kapítalísku samfélagi. Með inngrípum sínum í kjaradeilur hefur ríkisstjórnin sýnt sitt rétta andlit og stillt sér upp með auðvaldinu gegn alþýðu landsins. Ung vinstri græn vilja að verkfallsrétturinn verði styrktur og stjórnvöldum meinað að svipta alþýðufólki honum.

Innanríkisráðherra segi af sér

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, lýsir yfir vantrausti á innanríkisráðherra. Það er óviðunandi að persónuupplýsingum og gróusögum um hælisleitendur sé lekið frá skrifstofu ráðherra í vel valda fjölmiðla og verður Hanna Birna Kristjánsdóttir að axla pólitíska ábyrgð á því. Öll vinnubrögð í kringum mál Tony Omos af hálfu íslenskra stjórnvalda eru ekkert minna en viðbjóðsleg og bera vott um hreinræktað mannhat.

Ráðherra, hvers pólitískt ráðni aðstoðarmaður lekur persónuupplýsingum og skeytir við gróusögum, sem gerist ítrekað ber að lygum að þingi og þjóð og sem hefur afskipti af lögreglurannsókn á ráðuneyti er einfaldlega ekki stætt á stóli. Í lýðræðisríkjum þykir eðlilegt að ráðherrar sem verða uppvísir að lygum segi af sér embætti og í nágrennalöndunum er það næsta daglegt brauð að ráðherrar segi af sér og þykir virðingarvert.

Sér í lagi er það grafalvarlegt að ráðherra lögreglumála hafi afskipti af rannsókn lögreglu á eigin ráðuneyti. Ráðherra sem hagar sér með slíkum hætti er einfaldlega ekki sætt á stóli. Segi Hanna Birna ekki af sér né verði henni vikið úr sæti af þinginu er skýrt að Ísland er ekki lengur lýðræðislegt réttarríki.

Greinargerð

Það er skýlaust mannréttindabrot og ber vott um hreinræktað mannhat þegar minnisblaði um málsmeðferð hælisleitenda er vísvitandi lekið til fjölmiðla með viðskeyttri gróusögu. Það að það sé rekið til skrifstofu ráðherra dómsmála að sagt sé frá grun um glæpi nafngreinds manns í stærstu fjölmiðlum landsins hlýtur að brjóta gróflega gegn þeirri grundvallarreglu réttarkerfisins að fólk teljist saklaust uns sekt þess er sönnuð.

Eftirmálarnir voru svo engu geðslegri. Fyrst þvertók ráðherra fyrir að skjalið hafi komið úr ráðuneytinu þrátt fyrir að öllum ákúrum á hendur annarra stofnana hafi verið vísað til fæðurhúsanna. Svo ávítta hún þingmenn stjórnarandstöðunnar fyrir að spyrjast fyrir um málið og reyndi jafnvel að koma í veg fyrir fyrirspurnir. Síðan var því haldið fram að staðfest hefði verið að trúnaðargögnin hafi einungis farið til þeirra aðila sem ættu lögbundinn rétt á þeim og að engin gögn sambærileg skjalinu sem lekið var í fjölmiðla hafi verið til í ráðuneytinu. Þá neitaði ráðherra lögreglumála að víkja sæti sínu meðan söguleg sakamálarannsókn fór fram á ráðuneyti hennar og kallaði málið pólitískan leik jafnvel eftir að dómstólar staðfestu að skjalið hefði komið úr ráðuneytinu.

Botinn tók þó úr þegar upp komst að ráðherra lögreglumála hefði haft veruleg afskipti af rannsókn lögreglunnar á ráðuneytinu. Ekki nóg með að þar væri grundvallarregla í lýðræðislegu réttarríki þverbrotin heldur bást ráðherra við fullkomlega eðlilegum fyrirspurnum Umboðsmanns Alþingis með útúrsnúningum og gagnrýni á rannsóknina og gerði sig að fórnarlambi. Það var svo ekki fyrr en eftir að allt komst upp að rannsókn lokinni sem ráðherra ákvað að segja frá sér dómsmálum.

Niður með Útlendingastofnun

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, telur að Útlendingastofnun sé ekki fær um að takast á við málefni hælisleitenda. Ljóst er að á Útlendingastofnun ríkir mikil tortryggni í garð skjólstaðinganna sem fá sjaldnast að njóta vafans þegar umsókn þeirra er metin. Þessi tortryggni á sér djúpar rætur og hefur loðað við þennan málaflokk í hvert skipti sem á íslensk stjórnvöld hefur reynt. Skýrt dæmi þar um eru tiltölulega nýleg ummæli forstöðumanns Útlendingastofnunar um „flóttamannatúrisma“.

Það er enn fremur siðferðislega rangt að skýla sér á bak við Dyflinnar-sáttmálann og síst fallið til þess að bæta vandann hnattrænt. Enn býr fjöldi fólks við einangrun, stöðugan ótta við tafarlausan brottflutning, óhóflegar tafir á úrvinnslu umsókna og algeng og óþarfa brot á þeirri slöku reglugerð sem unnið er eftir við meðhöndlun umsókna. Engin manneskja á að þurfa að búa við þær aðstæður sem íslenska ríkið setur flóttafólk hérlendis í.

Þegar kemur að málefnum hælisleitenda dugur ekki að „sýna þínu mannúð“. Það dugur heldur ekki að skýla sér á bak við núgildandi útlendingalög því þau veita líka sveigjanleika til að taka við hælisleitendum.

Það þarf róttæka hugarfarsbreytingu í samfélaginu og þá ekki síst í stjórnsýslu íslenska ríkisins til að taka á málum hælisleitenda með viðunandi hætti. Útlendingastofnun er eindregið hvött til að kynna sér 21. aldar hugmyndir um mannréttindi og hefja vinnu við að innleiða þær í málsmeðferðir sínar. Það á ekki að þurfa að hlaupa í veg fyrir flugvél til að hælisleitendur fái sanngjarna meðferð.

Auglýsing

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, auglýsir eftir leiðbeinanda fyrir forsætisráðherra. Meðal starfsskyldna er að útskýra fyrir ráðherra mikilvægi þess að hann sé viðstaddur embættisskyldur sínar og hvað misskilningur þýði. Ennfremur þarf að gera ráðherra ljóst að það séu ekki orð pólitískra andstaðinga að tillögur muni kosta hundruðir milljarða, ef ráðherra hefur sjálfur nefnt slíkar tölur (s.s. í Fréttablaðinu 9. mars 2013 og í kosningasjónvarpi RÚV 10. apríl sama ár). Starfið er ólaunað, krefjandi og vanþakklátt en mikið þjóðþrifaverk.

Stöndum vörð um fjölmiðla

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, ávítir Illuga Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra harðlega fyrir að gera stjórn RÚV ófaglega og pólitíska á nýjan leik með því að endurvekja skipan Alþingis á henni. Jafnframt harma Ung vinstri græn að niðurskurðarleikur ríkisstjórnarinnar hafi orðið til þess að fjöldinn allur af hæfileikaríku starfsfólki stofnunarinnar hafi misst vinnuna. Þess er krafist að ríkisstjórnin og þeir stjórnarþingmenn sem enn hafa einhverja samvisku til endurskoði fjárveitingastefnu þingsins með velferð og menningu þjóðarinnar að leiðarljósi.

Það er ekki síst mikilvægt að hafa öfluga ríkisrekna fréttastofu nú þegar eigendur einkarekinna fjölmiðla hafa óeðlileg afskipti af ritstjórn þeirra, líkt og nýlegar fréttir af 365 og DV sýna. Það á ekki að líðast í upplýsingasamfélagi að ríkir einkaaðilar geti keypt sig inn í rekstur fjölmiðla með það að markmiði að reka ritstjóra eða breyta ritstjórnarstefnu. Á Íslandi á að ríkja ritfrelsi og mikilvægt að fjölmiðlun sé frjáls og almenningur hafi aðgang að ríkari upplýsingum en þeim sem heita hagsmunum stjórn mála- og áhrifamanna. Stöndum vörð um frjálsa fjölmiðla og Ríkisútvarpið sem fjölmiðil í almannabágu.

Svar við bréfi Árna

Landsfundur Ungra vinstri grænna, haldinn í Valhöll á Eskifirði 19.-21. september 2014, gagnrýnir harðlega þá ákvörðun Árna Þórs Sigurðssonar, fyrrum þingmanns Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, að taka við stöðu sendiherra. Skipanir í embættismannakerfi utanríkisþjónustunnar eru bæði pólitískar og ófaglegar og Vinstrihreyfingin - grænt framboð hefur alla tíð verið andvíg því hvernig þær fara fram. Ung vinstri græn harma mjög ákvörðun Árna sem hvort tveggja spyrðir Vinstrihreyfinguna - grænt framboð saman við samtryggingu íslenskra stjórn mála og gerir hana að fjarvistarsönnun utanríkisráðherra fyrir skipan Geirs H. Haarde óháð því hvort Árni vissi af henni.

Ung vinstri græn krefjast þess að þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs leggi sitt af mörkum til þess að ráðningarferlinu í utanríkisþjónustunni verði loksins breytt svo slíkar gamaldags ráðningar verði með öllu lagðar af.